

L Ö G**19**

8. febr.

um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1934.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal árið 1934 koma saman hinn 1. dag októbermánaðar,
hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 8. febrúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Í nafni konungs

Frederik
rikisarf.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.